

Farsældarlögin


Ábyrgð og skyldur íþróttapjálfa



Farsældarlöggjöf

Árið 2021 voru á Íslandi sett [lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021](#), oft kölluð farsældarlögin til einföldunar.

Farsældarlögin tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana.



Ípróttalög nr. 64/1998

2. gr. 2. mgr.

Í ípróttastarfi með börnum skal velferð og farsæld þeirra höfð að leiðarljósi.

16. gr. a

Öllum þeim sem starfa á grundvelli laga þessara ber að fylgjast með velferð og farsæld barna, leitast við að greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim, sbr. ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Farsældarlögin



Hægt er að nálgast myndbandið í gegnum eftirfarandi hlekk eða með því að taka mynd af QR kóðanum:

<https://www.farsaeldbarna.is/is/farsaeldarlogin>



Farsæld barns


Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.



Grunnurinn að farsældarlögnum

- verndandi þættir

Grunnurinn að farsældarlögnum er að tryggja að verndandi þættir eru til staðar í lífi allra barna.



Stigskipting þjónustu




Hægt er að nálgast myndbandið í gegnum eftirfarandi hlekk eða með því að taka mynd af QR kóðanum:

<https://www.farsaeldbarna.is/is/stigskipting-thjonustu>



Íþróttapjálfari flokkast sem almennur þjónustuveitandi

Þeir sem starfa í íþróttahreyfingunni flokkast sem þjónustuveitandi sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barna skv. farsældarlögnum.




Vakandi fyrir vísbendingum


Forsenda þess að börn geti notið snemmtæks stuðnings er að allir þeir sem starfa með börnum séu vakandi fyrir vísbendingum um þörf fyrir tiltekna þjónustu sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns.

Skjót og samþætt viðbrögð við minni háttar vanda barna getur komið í veg fyrir umfangsmeiri íhlutun í líf þeirra síðar meir.

Þannig fæst bæði ávinningur fyrir börn og samfélagið í heild.



Ferill samþættingar þjónustu



Ípróttapjálfari fylgist með og greinir vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt

Ef ípróttapjálfari tekur eftir og greinir vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og að barnið þarf frekari þjónustu en þegar er veitt skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu.



Ípróttapjálfari fylgist með og greinir vísbendingar um þjónustubörf barna



Ípróttapjálfari hefur samband við foreldra, ræðir við þau um aðstæður barns og þjónustubörf




Ípróttapjálfari leiðbeinir foreldrum og/eða barni um samþættingu þjónustu t.d. með því að vísa þeim á www.farsældbarna.is

Hverju ber að fylgjast með og hvaða vísbendingar ber að greina?

Farsæld barna er skilgreind út frá eftirfarandi þáttum og því þarf að fylgjast með og greina vísbendingar í tengslum við:

- líkamlegan þroska
- sálrænan þroska
- vitsmunalegan þroska
- siðferðilegan þroska
- félagsþroska
- almenna heilsu



Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra

Ef foreldri og/eða barn biður um samþættingu þjónustu þá annaðhvort:

vísar ípróttapjálfari foreldrum og/eða barni á að hafa sjálf samband við tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins (leik- grunn- eða framhaldsskóla) og óska eftir viðtali eða

Ípróttapjálfari í samráði við foreldra og /eða barn skráir og/eða tekur saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar og þjónustubörf, notar eyðublaðið [Beiðni um miðlun upplýsinga](#) og kemur því á tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins.



Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra

Liðfangi um samþættingu þjónustu við Barna- og fjölskyldustofu. Hér er hægt að skráir og/eða tekur saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar og þjónustubörf.

Nafn barns	Kennitala	Háskólaheiti	Skipting	Stærð
<input type="checkbox"/> Barnið hefur verið skráð				
<input type="checkbox"/> Barnið hefur verið skráð				
Stærðir barns				
<input type="checkbox"/> Stærðir barns A				
<input type="checkbox"/> Stærðir barns B				
<input type="checkbox"/> Stærðir barns sem skráir og/eða tekur saman upplýsingar				

Með undirskrift barns og foreldra (eða barns) er hægt að skráir og/eða tekur saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar og þjónustubörf. Hér er hægt að skráir og/eða tekur saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar og þjónustubörf.

Undirskrift foreldra A:	Dagsetning:
Undirskrift foreldra B (ef til er):	Dagsetning:
Undirskrift barns (ef til er):	Dagsetning:

Þjálfari/forstjafi:

Tengiliður farsældar




Hægt er að nálgast myndbandið í gegnum eftirfarandi hlekk eða með því að taka mynd af QR kóðanum:

<https://www.farsaeldbarna.is/is/tengilidur>




Á Íslandi eru starfandi um 700 tengiliðir farsældar í heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskólum.



Samstarf ípróttapjálfara við tengilið farsældar - miðla upplýsingum

Þegar fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um að samþætting skuli hefjast getur tengiliður aflað upplýsinga um aðstæður barns frá m.a. ípróttapjálfurum. Til að tryggja hagsmuni barns og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir samþættingu þjónustunnar er tengilið og ípróttapjálfara heimilt að miðla upplýsingum um aðstæður barnsins sín á milli.

Tengiliður farsældar kemur upplýsingum til sveitarfélags ef þörf þykir á tilnefningu málstjóra.



Málstjóri farsældar




Hægt er að nálgast myndbandið í gegnum eftirfarandi hlekk eða með því að taka mynd af QR kóðanum:

<https://www.farsaeldbarna.is/is/malastjori>




Á Íslandi eru starfandi um 200 málstjórar farsældar í félagsþjónustu og barnavernd sveitarfélaga.




Samstarf ípróttapjálfara við málstjóra farsældar

Þegar málstjóri farsældar stofnar stuðningsteymi er honum heimilt að bjóða ípróttapjálfara barnsins að taka sæti í stuðningsteymi. Þetta á við þegar ípróttapjálfi er talinn geta veitt barni mikilvægan stuðning. Seta í stuðningsteymi farsældar er ekki skylda fyrir ípróttapjálfara heldur boð. Málstjóri farsældar gæti óskað eftir upplýsingum frá ípróttapjálfara ef hann getur ekki setið í stuðningsteyminu.



Ípróttapjálfari er bundinn þagnarskyldu

Þjónustuveitendur og þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem þeir hafa orðið áskynja um vegna verkefna sem tengjast farsældarlögunum.



Samantekt á ábyrgð og skyldum ípróttapjálfa

Ípróttapjálfi flokkast sem almennur þjónustuveitandi og er bundinn þagnarskyldu.

Tvenns konar hlutverk ípróttapjálfa samkvæmt farsældarlögum:

- fylgist með og greinir vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt
- leiðbeinir foreldrum og/eða barni um samþættingu þjónustu, bendir foreldrum og/eða barni á að hafa sjálf samband við tengilið í nærumhverfi eða miðlar upplýsingum til tengiliðar farsældar með því að nota *Beiðni um miðlun upplýsinga*

- tengiliður farsældar gæti haft samband við ípróttapjálfa varðandi samþættingu á 1. stigi
- málstjóri farsældar gæti haft samband og boðið ípróttapjálfa að taka sæti í stuðningsteymi farsældar.

Tilkynningaskylda til barnaverndar

Hafa ber í huga að samþætting þjónustu leysir ekki tilkynningarskyldu til barnaverndar af hólmi.

Ef grunur vaknar um að farsæld barns sé hættu búin skal tilkynna málið til barnaverndar.

Tilkynningarskyldan trompar allt.

**TILKYNNING
TIL BARNAVERNDAR**

Barna – og fjölskyldustofa - ráðgjöf

Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu sinnir m.a. almennri ráðgjöf varðandi farsældarlögin til þjónustuveitenda þ.m.t. íþróttabjálfa.

Hægt að hringja í síma 530-2600 og/eða senda tölvupóst á netfangið farsaeld@bofs.is

Farsældbarna.is

Þjónusta í þágu farsældar barna

Ný nálgun í þjónustu við börn og barnafjölskyldur

Farsældarlöggjöf

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu **farsældar barna** tekið gildi.


Barnið verður hjartað í kerfinu

Ný lög tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Hér getur þú kynnt þær breytingarnar nánar.

Lesið

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögín eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Lesið



Farsældbarna.is